

HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA



ÁRSSKÝRSLA 2010



Stjórn HSP 2010-2011

Formaður: Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Geisla
Varaformaður: Ágústa Ágústdóttir, Leifi Heppna
Ritari: Halldóra Gunnarsdóttir, UMFL / Gunnar Sigfússon, Eflingu
Gjaldkeri: Erla Bjarnadóttir, Völsungi
Meðstjórnendur: Birkir Jónasson, Völsungi
Hermann Aðalsteinsson, Skákfél. Goðanum

Varastjórn: Hörður Þ. Benónýsson, Eflingu
Linda M. Baldursdóttir, Völsungi

Skýrsla stjórnar HSþ

Á starfsárinu 2010-2011 tók við keflinu nýr formaður HSþ, Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Geisla og jafnframt komu inn þrír nýir öflugir stjórnarmenn, Halldóra Gunnarsdóttir, UMFL, Birkir Jónasson, Völsungi og Erla Bjarnadóttir, Völsungi. Fyrir voru í aðalstjórn Ágústa Ágústdóttir, Leifi Heppna og Gunnar Sigfússon, Eflingu. Ný stjórn hélt sinn fyrsta fund riflega tveimur vikum eftir árþing HSþ 2010 í Sólvangi. Þar voru strax settar línum fyrir starfsárið og var ákveðið að hittast fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði víðs vegar á starfssvæði HSþ. Þetta heppnaðist vel og voru fjölmög félög sótt heim. Þetta fyrirkomulag átti að gera stjórn HSþ sýnilegri og jafnframt að stjórn HSþ kynnti sér markvisst það viðamikla og fjölbreytta starf sem aðildafélög þess inna af hendi. Fyrir hönd stjórnar HSþ vil ég þakka þeim félögum sem tóku á móti okkur á síðasta starfsári og kynntu fyrir okkur starfsemi sína. Stjórnin einsetti sér einnig að senda út fréttabréf einu sinni í mánuði, eða alla vegana fram að því að ný heimasíða HSþ kæmist í gagnið, svo aðildarfélögin gætu komið starfsemi sinni á framfæri og upplýsingaflæði til allra félaga HSþ væri með reglubundnum hætti.

Í byrjun júní var haldinn formannafundur aðildarfélaga HSþ á Húsavík. Þar var farið yfir tillögur stjórnar að nýjum lögum ráða og erindisbréfi fyrir nefndir HSþ. Kynnt var ný heimasíða og farið yfir starf sambandsins á komandi sumri. Stjórnin telur mikilvægt að formannafundir verði að árlegum viðburði, en það er einnig vettvangur til að upplýsa og fara yfir það mikla starf sem fram fer á hverju ári meðal félaga HSþ.

Stjórnin beytti sér fyrir því að hvetja fólk til almenningsíþróttar, en mörg verkefni eru á vegum UMFÍ og ÍSÍ í tengslum við þær. Það eru t.d. Fjölskyldan á fjallið, Helgi á göngu og Lífshlaupið. Þau fjöll sem stjórn HSþ hefur tilnefnt í verkefnið Fjölskyldan á fjallið, sumarið 2011, eru Sandfell í Öxarfirði og Skollahnjúkur í Aðaldal. Mikilvægt er að HSþ taki virkan þátt í almenningsíþróttum og hefur stjórnin því staðið fyrir því að almenningsíþróttanefnd taki til starfa að loknu þessu ársþingi 2011.

Föngulegur hópur fór á vegum HSþ á unglingslandsmót UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2010. Allir keppendur sem og aðstandendur stóðu sig með prýði og var HSþ valið fyrirmynndarfélagið á þessu unglingslandsmóti. Það fór fallegur og stoltur hópur á svið í stóra tjaldinu á lokahófi unglingslandsmótsins til að taka við þeim glæsta bikar sem HSþ fór með heim í hérað til varðveislu í eitt ár. Sparisjóður Suður Þingeyinga er með bikarinn til sýnis í útibúi sínu á Húsavík, en Sparisjóður Suður Þingeyinga hefur verið góður bakhjalr HSþ til fjolda ára. Ný heimasíða HSþ leit dagsins ljós í ágúst 2010, www.hsþ.is. Ingólfur Sigfússon hannaði síðuna og aðstoðar jafnframt félaga innan HSþ til að setja nýtt efni inn á hana og færum við honum bestu þakkir fyrir það. Verkefnasjóður UMFÍ veitti styrk til heimasíðugerðarinnar og færum við þeim einnig kærar þakkir.

Á haustdögum gengu Gunnar Sigfússon og Ágústa Ágústdóttir úr stjórn HSþ vegna breyttra aðstæðna. Í aðalstjórn kom þá Hermann Aðalsteinsson, Skákfélaginu Goðanum, sem var í varastjórn HSþ. Við þökkum Gunnari og Ágústu fyrir gott samstarf.

Eitt af gæluverkefnum formanns HSþ var að koma glímuæfingum aftur af stað í héraði, en þær höfðu legið niðri í nokkur ár. Til þessa verkefnis var fenginn formaður Glímusbands Íslands,

Ólafur Oddur Sigurðsson, sem fór í fimm grunnskóla á starfssvæði HSP og kynnti glímu fyrir nemendum í íþróttatímum. Í framhaldi af þessari grunnskólakynningu hófust glímuæfingar á Laugum í Reykjadal og er það von formanns að glímuæfingar eigi eftir að dafna í héraðssambandinu í komandi framtíð.

Formaður HSP og framkvæmdastjóri sóttu fundi UMFÍ á starfsárinu, en það voru samráðsfundur í Borgarnesi í maí og sambandsráðsfundur á Egilsstöðum í október. Mikill hugur er í ungmennafélögum landsins og hefur mikil umræða staðið um unglingslandsmót UMFÍ sem er ein mesta forvarnahátíð landans á hverju ári. Unglingslandsmótin eru orðin mjög stór að umfangi og er mönnum tíðrætt hve erfitt er fyrir minni sambond að halda slík móti. Menn hafa spurt sig að því hvort unglingslandsmótin standist þau markmið sem lagt var af stað með í upphafi þeirra. HSP ætti enn sem komið er að geta staðið undir þeim væntingum sem gerðar eru varðandi aðbúnað unglingslandsmótanna, en hugur er í mönnum um að sækja um ULM 2014, en það ár verður HSP 100 ára. Staðsetning ULM 2014 er fyrirhuguð á Húsavík, en sökum aðstöðuleysis fyrir frjálsar íþróttir og sund, myndu þær greinar fara fram á glæsilegum leikvangi á Laugum í Reykjadal. Stjórn HSP hefur verið að þreifa fyrir sér með þessa hugmynd, en það er ársþingsins að ákveða hvort við eignum að leggja í svo viðamikið verkefni.

Eins og áður sagði þá er 100 ára afmælisár HSP árið 2014, en það er það ártal sem fylgdi félaginu við sameiningu UNP og HSP. Mögulega þyrfti að skipa afmælisnefnd þegar nær dregur, en sögu- og minjanefnd HSP mun taka formlega til starfa að loknu þessu ársþingi.

Varðandi styrki til HSP, þá fékk HSP styrki frá KEA, Sparisjóði Suður Þingeyinga, Landsbankanum á Húsavík á árinu 2010. Jafnframt fær HSP greiðslur frá sveitarfélögunum sem standa að héraðssambandinu, en tekjur frá sveitarfélögunum (sem eru 7 talsins) standa undir kostnaði við laun framkvæmdastjóra HSP. Nú er svo orðið að þessar tekjur frá sveitarfélögunum standa einungis undir 40% starfi framkvæmdastjóra, en áður fyrr þegar tekjur komu frá Héraðsnefnd Þingeyinga, voru tekjurnar nægar til að standa straum af heilu starfi. Þetta þarf að taka til endurskoðunar og leita færис á því að fá inn tekjustofn sem stendur undir heilu stöðugildi. Starfsemi HSP er mikil og forvarnagildi héraðssambandsins þarf vart að tíunda. Því þurfa menn að taka höndum saman og standa vörð um stöðu framkvæmdastjóra HSP.

Í febrúar 2011 tilkynnti núverandi framkvæmdastjóri HSP, Sveinn Aðalsteinsson, stjórn HSP að hann myndi hætta störfum á vordögum og snúa sér alfarið að störfum framkvæmdastjóra Völsungs. Við þetta tækifæri vil ég þakka Sveini fyrir vel unnin störf fyrir héraðssambandið, en hann er svo sannarlega ekki farinn úr héraði og mun krafta hans njóta áfram við á öðrum svíðum. Stjórn HSP hefur því ráðið nýjan framkvæmdastjóra HSP, sem mun taka við störfum 1. apríl 2011, en það er Elín Sigurborg Harðardóttir og viljum við bjóða hana velkomna til starfa. Framtíðin er björt með mörgum skemmtilegum og spennandi verkefnum, þrátt fyrir að fjármagn sé af skornum skammti. Því er mikilvægt að virkja hinn gamla og góða ungmennafélagsanda, standa saman sem einn og vinna að heilhug, æskunni til heilla og mannlífi í sýslunni til góðs.

Jóhanna S. Kristjánsdóttir

Formaður HSP

Frjálsíþróttaráð HSP

Á nýbyrjuðu ári er vert að líta um öxl og gera upp liðið frjálsíþróttárár. HSP sendi keppendur á flest öll Meistaramót Íslands bæði utanhúss og innanhúss. Flestir keppendur voru á yngri meistaramótunum. En við búum vel að eiga góðar fyrirmyn dir í "reyndari" keppendum samanber Þorsteinn Ingvarsson, Hafdísi Sigurðardóttir og Sigurbjörn Árna Arngrímsson. Þau kepptu á Meistaramótum Íslands utan- og innanhúss og unnu til verðlauna, oftar en ekki gullverðlauna. Þau kepptu í Evrópubikarkeppni í frjálsum sem haldið var á Möltu. Þar stökk Þorsteinn 7,79 í langstökki og náði þar með lágmarki til að keppa á EM í Barcelona. Frábærir fulltrúar HSP sem við getum verið stolt af.

Bæði Þorsteinn og Hafdísi hafa einnig verið dugleg að mæta á Héraðsmót HSP og því líka fyrirmyn dir í nærmeynd. Sigurbjörn Árna fengum við til að vera aðalþjálfara í Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var á Laugum í vor.

Af yngri keppendum okkar fóru í upphafi árs 12 keppendur á Stórmót ÍR í Laugardalshöll. Þar unnu okkar keppendur til 10 verðlauna, 5 gull, 2 silfur og 3 brons. Góð byrjun á árinu. Á Meistaramóti Íslands 11-14 ára í Laugardalshöll fóru 11 keppendur og unnu þau til 4 gullverðlauna og 4 silfurverðlauna. Mörg þeirra settu héraðsmet eða bættu sinn eiginn árangur.

Meistaramót Íslands 11-14 utanhúss fór fram í Kópavogi og áttum við þar 7 keppendur. Dagbjört varð tvöfaldur íslandsmeistari, bæði í langstökki og 80 m grindahlaupi. Dagbjört var svo valin í úrvalshóp FRÍ í haust með árangri sínum í 80 m grindahlaupi. Selmdís Þráinsdóttir var einnig valin í úrvalshóp FRÍ í desember í stangarstökki. Glæsilegt hjá þessum stelpum og bara gaman að þessu.

HSP heldur fjögur mótt yfir árið; tvö mótt innanhúss í mars og nóvember og svo Sumarleika í júní og Héraðsmót í ágúst. Í ár var engin undantekning á því og voru um 50-60 þáttakendur á innanhússmótunum, sem að þessu sinni voru allir keppendur frá HSP. Sumarleikar HSP er langstærsta mótið sem er haldið hjá okkur. Á síðasta móti voru yfir 150 keppendur frá ýmsum félögum ásamt HSP s.s. UMSE, UMSS, UFA, ÍR, UMSB og Selfossi. Frábært að hafa svo stórt og gott mótt fyrir félagið. Í sumar héldum við Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri og tókst það með ágætum í frekar vindasömu veðri. Ungt lið HSP varð í 8. sæti.

HSP átti 31 keppanda í frjálsum á Unglingalandsmótinu sem haldið var í Borgarnesi. Enginn unglingslandsmótsmeistari varð í ár en krakkarnir unnu til 13 silfur og bronsverðlauna ásamt því að eiga silfur- og bronsverðlaunasveitir í boðhlaupi. Ekki spillti fyrir að HSP (sem átti einnig keppendur í knattspyrnu, mótorcrossi, sundi, glímu og skák) var valið fyrirmyn darfélag mótsins og fékk bikar til varðveislu í eitt ár.

Héraðsmótið í ágúst var haldið í kalsaveðri og var frekar fámennt. Þar er alltaf keppt um bikar fyrir besta árangur hjá stelpum og strákum. Í ár fékk Auður Gauksdóttir bikar fyrir árangur í hástökki og Atli Barkarson fyrir langstökk.

Hér höfum við stiklað á því helsta sem var að gerast á árinu 2010 í frjálsum og viljum við að lokum þakka öllum sem hafa hjálpað okkur á árinu við mótt og annað og þá sértaklega Jóni Friðrik þjálfara fyrir frábært samstarf, bestu þakkir fyrir allt.

Knattspyrnuráð HSP

Sumarstarfsemin var með sama móti og verið hefur undanfarin ár þ.e. haldin voru héraðs- og bikarmót, í sjö manna liðum.

Í héraðsmóti 12 ára og yngri var leikin ein umferð og voru 7 lið skráð til leiks. Þar stóð uppi sem sigurvegari lið Magna, í öðru og þriðja sæti lið Mývetnings a og b lið. Í bikarmóti 12 ára og yngri var leikin einföld umferð og voru 7 lið mætt til keppni, urðu úrslit þau að Völsungur varð bikarmeistari, Magni í öðru og Mývetningur í þriðja.

Héraðsmót 13 – 16 ára var leikin ein umferð, þar voru 4 lið mætt og eftir jafna og spennandi keppni var það lið Geisla/Eflingar sem urðu héraðsmeistarar, í öðru sæti var Magni og í þriðja Mývetningur.

Ekki var haldið bikarmót í flokki 13 – 16 ára vegna dræmrar þátttökum.

Innanhúsmót var haldið í nóvember á Þórshöfn, þar var leikið í 5. flokki og 6. flokki, þar mættu lið frá Þórshöfn, Húsavík og Mývatnssveit.

Knattspyrnuráð

Árni G. Helgason

Sundráð HSP

Á árinu er sundstarfið búið að vera með hefðbundnu sniði.

Á þessu ári var ekki farið mikið í burtu á sundmót, eldri iðkendum hefur fækkað nokkuð en þeir yngri að bætast við og skýrir það að hluta af hverju ekki var farið í burtu á móti, en mótin voru svona.

Páskamót á Húsavík 20. mars.

Lionsmót Ránar á Dalvík 10. apríl.

17. júní-mót á Húsavík og var uppskeruhátíð haldin eftir mótið.

Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina.

Héraðsmótið í sundi var haldið 9. október, keppendur komu frá Völsungi, Eflingu og Geisla. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi, og stigahæstur í karlaflokki var Starkaður Snær Hlynsson frá Eflingu.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið fór fram á Húsavík 5. nóvember, þar mættu foreldrar og börn, borðuðu saman pizzu og skemmtu sér saman.

Í ár erum við kominn í samstarf með Samherja úr Eyjafirði og komu 27 krakkar frá þeim og keptu sem gestir á héraðsmótinu og eru þau búin að bjóða sunddeildinni í æfingabúðir á Hrafnavili eftir áramót.

Sundmaður Völsungs var valin Valdís Jósefsdóttir og var hún einnig valin sundmaður HSP árið 2009.

Við héldum áfram að bjóða upp á æfingar á Laugum tvívar í viku og sjá Snæfríður Arnardóttir og Sylvía Víðisdóttir um æfingarnar þar og æfa 15 börn frá félögunum, Eflingu og Geisla, og koma Völsungar með þeim á æfingar einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík er Valdís Jósefsdóttir. Á Húsavík æfa um 20 börn.

Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og sundráðs HSP

Elísabet Sigurðardóttir

H.S.P

Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2010

Áritun skoðunarmanna

Ársreikningur þessi fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2010 hefur verið skoðaður og ekkert fundist athugavert.

Leggjum við því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Laugum dags 5/3 2011

Kristján S. Johannesson

Jón Þ. Ólafsson

Áritun stjórnar H.S.P

Staðfesting ársreikningsins.

Stjórn Héraðssambands Þingeyinga, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Laugum dags 9/3 2011

Í stjórn Héraðssambands Þingeyinga

Jóhanna S. Kortjáns.
Erla Bjarkhád.
Bítlur þoi fíassor

Rekstrarreikningur 2010

Sameinaðar deildir HSP

Rekstrartekjur:	2010	2009
Lottó UMFÍ	2.664.746	2.526.211
Lottó ÍSÍ	1.858.253	1.681.732
Æfingargjöld frjálsar	932.528	1.099.888
Skráningargjöld/landsmót	754.100	947.681
Styrkir Dagatöl /frjálsar	395.400	907.500
Styrkir sveitarfélaga	1.333.600	2.795.315
Styrkir ýmsir	2.555.248	1.068.241
Skólagjöld	372.444	343.800
Skattar félaga	1.123.200	922.800
Vörusala	62.500	109.344
Tækjaleiga	25.000	90.000
Aðrar tekjur	91.500	776.056
	12.168.519	13.268.568
Rekstrargjöld:		
Yfirstjórn	4.433.036	4.024.320
Þjálfun og kennsla	1.506.000	1.494.000
Gjöld deilda:	1.176.266	1.503.577
frjálsar	1.073.316	
knattspyrni	55.500	
sund	38.450	
skák	9.000	
Lottó til félaga	3.618.399	3.223.212
gjöld sumarleikar	112.703	417.818
Vörukaup	193.897	119.968
Eignayfirfærsla til Þingeyjarsveitar		2.615.125
Afskriftir (uppsöfnun) stangarstökksb.	-	2.734.187
	11.040.301	16.132.207
Hag/Tap án fjármagnsliða	1.128.218	-2.863.639
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	97.437	63.018
Vaxtagjöld	- 46.419	- 339.155
	51.018	- 276.137
Hag/Tap ársins	1.179.236	-3.139.776

Rekstrarreikningur 2010

Aðaldeild HSP

Rekstrartekjur:	2010	2009
Lottó UMFÍ	2.664.746	2.526.211
Lottó ÍSÍ	1.858.253	1.681.732
Styrkir ýmsir	1.578.613	785.741
Styrkir sveitarfélagið	1.333.600	2.715.315
Styrkir í afreksmannasjóð	800.000	-
Skattar félaga	1.123.200	922.800
Aðrar tekjur	25.000	670.006
	9.383.412	9.301.805
Rekstrargjöld:		
Yfirstjórn	4.531.603	3.882.959
Lottó til félaga	3.618.399	3.223.212
Eignayfrifærsla til Þingeyjarsv.	2.615.125	-
Afskriftir (uppsöfnun)	2.734.187	-
	8.150.002	12.455.483
Hag/Tap án fjármagnsliða	1.233.410	-3.153.678
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	97.437	23.345
Vaxtagjöld	- 35.043	- 319.466
	62.394	- 296.121
Hag/Tap ársins	1.295.804	-3.449.799

Rekstrarreikningur 2010

Frjálsíþróttadeild HSÞ

Rekstrartekjur:	2010	2009
Æfingargjöld frjálsar	932.528	1.099.888
Skráningargjöld/landsmót	754.100	947.681
Styrkir Dagatöl /frjálsar	395.400	907.500
Styrkir sveitarfélaga		80.000
Styrkir ýmsir	176.635	282.500
Skólagjöld	372.444	343.800
Vörusala	62.500	109.344
Tækjaleiga	-	90.000
Aðrar tekjur	91.500	106.050
	2.785.107	3.966.763
Rekstrargjöld:		
Stjórnunar kostnaður	145.848	256.966
Skráning frjálsar	652.218	700.750
Sumarleikar/Landsmót	166.738	417.818
Verðlaun-viðurk. Blóm	226.718	122.950
Vörukaup	193.897	119.968
kostnaður frjálsar	54.880	249.178
Prentun dagatöl	-	315.094
þjálfun / kennsla	1.450.000	1.494.000
	2.890.299	3.676.724
Hag/Tap án fjármagnsliða	- 105.192	290.039
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	-	39.673
Vaxtagjöld	- 11.376	- 19.689
	- 11.376	19.984
Hag/Tap ársins	- 116.568	310.023

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir

Fastafjármunir	2010	2009
Mannvirki	Íþróttavöllur	-
Áhöld og tæki	1.184.273	774.473
Kerra yfirbyggð	270.000	
Stangastökksb. /annar bún.		-
	1.454.273	774.473
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	321.016	290.449
ógr . V/lottó 2010	- 2.433.451	
Handbært fé	2.522.496	1.065.495
	410.061	775.046
Eignir samtals	1.864.334	1.549.519

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2010	2009
Óráðst. eigið fé 01.01.	1.059.936	4.199.712
Birgðir 31.12	-	-
Hag /Tap ársins	1.179.236	- 3.139.776
	<u>2.239.172</u>	<u>1.059.936</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	527.002	399.734
Inneign/skuld VSK	-	22.208
ógreiddur kostnaður	63.970	7.954
Ógreitt v/starfsfóks	88.194	104.103
	<u>374.838</u>	<u>489.583</u>

Skuldir og eigið fé samtals 1.864.334 1.549.519

Aksturssjóður

Héraðssambands Þingeyinga

Ársreikningur 2010

Áritun skoðunarmanna

Ársreikningur þessi fyrir Aksturssjóð Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2010 hefur verið skoðaður og ekkert fundist athugavert.

Leggjum við því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Laugum dags 5/10 2011

Kristjan S. Jóhannesson

Jón P. Óskarsson

Áritun stjórnar Aksturssjóðs H.S.Þ

Staðfesting ársreikningsins.

Stjórn Aksturssjóðs Héraðassambands Þingeyinga, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Laugum dags 9/3 2011

Í stjórn Aksturssjóðs H.S.Þ.

Jóhanna S. Þorsteinsdóttir
Einar Ó.

Rekstrarreikningur 2010

		2010	2009
Rekstrartekjur:			
Styrkur Alcoa		-	-
Styrkur ríkisins		-	-
Bakf. Styrkir sveitarfél. V08'09	skiliðu sér ekki	2.162.000	600.000
Styrkur sveitarfélaga	Norðurþing	500.000	285.000
Styrkur kvenfélaga		-	-
Vinnuframlag HSÞ		184.465	570.554
Landsbanki Íslands		200.000	-
		<hr/> 1.277.535	<hr/> 1.455.554
Rekstrargjöld:			
Bifreiðastyrkur einstaklinga		1.287.888	1.933.565
Akstursstyrkur íþróttafélaga		1.071.437	1.763.735
Tryggingagjald		103.476	115.143
Annar kostnaður		153.039	87.063
		<hr/> 2.615.840	<hr/> 3.899.506
Hag/Tap án fjármagnsliða		<hr/> -3.893.375	<hr/> -2.443.952
Hag/Tap ársins		<hr/> -3.893.375	<hr/> -2.443.952

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir

2010 2009

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	-	2.257.532
Handbært fé	2.892.414	4.604.629
	<hr/> <u>2.892.414</u>	<hr/> <u>6.862.161</u>

Eignir samtals 2.892.414 6.862.161

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	2010	2009
Óráðst. eigið fé 01.01.	6.785.789	9.229.741
Hag /Tap ársins	- 3.893.375	- 2.443.952
	<u>2.892.414</u>	<u>6.785.789</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir ógreitt v/starfsfólks skammtímaskuldir	43.760
	32.612
	<u>76.372</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>2.892.414</u>
	<u>6.862.161</u>

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2010 var stjórn félagsins þannig skipuð:

Formaður: Stefán Gunnarsson

Gjaldkeri: Kristján Steingrímsson

Ritari: Yngvi Ragnar Kristjánsson

Samkvæmt Felix félagakerfi ÍSÍ eru nú samtals 32 félagar í Akstursíþróttafélaginu. Félagið stendur þokkalega fjárhagslega og er skuldlaust. Stærstu verkefni félgsins á árinu snérust um keppnishald, þátttöku í akstursíþróttamótum og vinnu við motocrossbraut.

Félagið sá í janúar um framkvæmd 1. umferðar Íslandsmótsins í Íscrossi og um miðjan mars fór fram stórt akstursíþróttamót þar sem keppt var í 3. og síðustu umferð Íslandsmótsins í Íscrossi. Þá sá félagið einnig um 3. umferð Íslandsmótsins í Snocrossi. Allt keppnishaldið fór fram í samstarfi við MSÍ og Björgunarsveitina Stefán í Mývatnssveit. Uppskera Akstursíþróttafélagsins af vetraríþróttum varð ríkuleg, en Andrea Dögg Kjartansdóttir varð Íslandsmeistari í Íscrossi í kvennaflökk, í 2. sæti varð Ásdís Elva Kjartansdóttir. Íslandsmeistari í Íscrossi í karlaflökk varð Anton Freyr Birgisson. Jónas Stefánsson varð Íslandsmeistari í Snocrossi í meistaraflokki og jafnframt fór hann sem fulltrúi Íslands á heimsmeistaramótið í Snocrossi í Malå í Svíþjóð.

Er leið að sumri kom að keppni á vegum MSÍ í enduro og motocrossi. Nokkrir félagar Akstursíþróttafélagsins keppa í þessum íþróttagreinum og fór keppnishaldið fram víðsvegar um landið. Uppskera Akstursíþróttafélagsins af sumaríþróttunum varð einnig ríkuleg, en þess má geta að reynsluboltarnir Kristján Steingrímsson og Stefán Gunnarsson sigruðu sinn flokk í 6 tíma enduro á Klaustri. Signý Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í Motocrossi í kvennaflökk. Um verslunarmannahelgi stóð UMFÍ fyrir unglingslandsmóti í Borgarnesi og var keppt í motocrossi á Akranesi. AM átti nokkra þátttakendur og varð Signý Stefánsdóttir unglingsmótsmeistari í stúlknaflökk.

Eldri borgarar félgsins létu sitt ekki eftir liggja og voru duglegir við ýmiskonar enduroferðir um hálandið og ferðamennsku. Tveir félagar fóru til Svíþjóðar í lok október og tóku þátt í stærstu endurokeppni í heimi sem nefnist Gotland Grand National.

Þau merku tímamót urðu í starfi félagsins að útbúin var glæsileg motocrossbraut við Svörtuborgir í landi Voga. Er þetta mikil lyftistöng fyrir iðkendur að þurfa ekki að sækja æfingar um 100 km leið til Akureyrar.

Stjórn Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar



Golfklúbbur Húsavíkur

Katlavöllur

Golfvöllurinn kom vel undan vetri og var í góðu ástandi að flestu leiti í sumar. Byrjað var að spila á sumarflatir í byrjun júní. Fyrsta mótið var haldið 9. júní.

Ýmis undirbúningsvinna var gerð varðandi frekari framkvæmdir í sambandi við vökvunarkerfið. Búinn til grasbanki, sem nýtast mun þegar laga þarf teiga og flatir. Vegur-stígur lagður upp á karlapall á 2. Trébrú byggð yfir Þorvaldsstaðarána á 2. braut.

Mannahald

Einar Gestur Jónasson var vallarstjóri hjá okkur s.l. ár. Án nokkurs vafa hefur honum tekist mjög vel að halda vel utan um þá vinnu og umhirðu sem þarf til, til að gera völlinn jafn góðan og aðlaðandi sem sannast á því hve margir kjósa að heimsækja Katlavöll og gefa honum mikið hrós, einkum fyrir góða umgengni og snyrtimennsku. Kunnum við Einari Gesti bestu þakkir fyrir velunnin störf og óskum honum velfarnaðar í nýju starfi. Með honum við hirðingu vallarins og sitthvað fleira var Alexander Gunnar Jónasson og Benedikt Þór Jóhannsson og svo nokkrir yngri, frá vinnuskóla sveitarfélagsins sem voru þeim til aðstoðar við umhirðu, snyrtingu og fleiri minni en mikilvæg störf, nokkrir ungligar skiptu á milli sín afgreiðslustarfí í golfskálanum, sem er einnig styrkur til GH frá sveitarfélagini Norðurþingi. Klúbbfélagar sá um rekstur skálans.

En í byrjun nóvember sagði Einar Gestur starfi sínu lausu. Priggja ára ráðningasamningur hans er á enda og einnig priggja ára samningur okkar við Norðurþing rann út 1. nóv. 2010.

Konukvöld voru á þriðjudögum eins og undanfarin ár. Hittumst við í Golfskálanum og fengum okkur ýmist súpu og brauð eða bara kaffisopa. Voru þessi kvöld skemmtileg og fjölmenn.

Vinnusemi félaganna

Tvisvar var hóðan saman félögum til ýmissa starfa, svo sem lúpínuslátt og annað sem til fél. Hafið þökk fyrir þá vinnu.

Þjálfun

Samið var við Skarphéðinn Ívarsson að taka að sér þjálfun barna og unglunga sem og annað sem því tilheyrir, jafnframt því að vera formaður Unglinga- og nýliðanefnar. Um 50 börn og ungligar mættu á æfingar í sumar og fjölgaði þeim eitthvað milli ára.

Tilnefning kylfinga GH, eldri og yngri, til Kiwanisklúbbsins Skjálfanda í febrúar 2010

Í flokki 17 ára og eldri. Unnar Þór Axelsson

Í flokki 16 ára og yngri. Arnþór Hermannsson

Klúbbmeistarar og aðrir titlar

Í Meistaramóti GH s.l. sumar sigraði í karlauflokki Sigurður Hreinsson. Í kvennaflokkum Birna Dögg Magnúsdóttir og urðu því klúbbmeistarar.

Á uppskeruhátið unglinganna í haust var afhentur bikar til handa þeim sem þjálfara þótti eiga hann skilið en það var Bergþór Atli Örvarsson sem fékk Háttvísibikarinn.

Sveitakeppni GSÍ 2. deild karla var haldin á Kiðjabergsvelli dagana 13.-15. ágúst. Liðstjóri sveitarinnar var Skarphéðinn Ívarsson en sveitina skipuðu þeir Arnþór Hermannson Arnari Vilberg Ingólfssyni, Einari Gesti Jónassyni, Jón Elvar, Sigurði Hreinssyni, Skúla Skúlasyni, Unnari Þór Axelssyni og Örvari Þór Sveinssyni. Stóðu þeir sig með stakri prýði, þátt fyrir ótrúlega leiðinlegt verður. Mikið rok og rigning megnið af tímanum setti sannarlega strik í reikninginn en GH mun verða með sveit í 2. deild á Flúðum n.k. sumar.

Góð þátttaka í mónum í sumar: Má t.d minnast á að í Opna Húsavíkurmótinu, Goðamótinu, voru um 100 kylfingar skráðir til leiks. Ágætis þátttaka var í öðrum mónum sumarsins, en þó eitthvað slakt í Landsbankamótaröðinni. Fjöldi gesta sótti okkur heim, hópar sem óskuðu eftir sérstökum tínum, og vil ég þakka fyrir hve félagar klúbbns taka vel í slíkt. Einnig var töluverð aðsókn ferðamanna á vellinum. Erlendum gestum hefur fjölgað og er skemmtilegt.

Ársþing GSÍ og aðrir fundir

Formannafundur GSÍ var haldinn á Flúðum, í golfskálanum þar, laugardaginn 18. nóv. 2010 og létt formaður sig ekki vanta. Var fundurinn afar fjölmennur, og má af því sjá að áhugi er virkilega til staðar hjá golfklúbbum um allt land.

Nýir klúbbar líta dagsins ljós, sumir án golfvalla. 69 skráðir klúbbar eru á landinu. Einnig kom fram að auk þeirra 15.000 iðkenda íþróttarinnar sem eru skráðir í GSÍ eru um 20.000 manns sem spila golf án félagsaðildar. Rætt var hvernig hægt væri að ná þessu fólkini inn í klúbbana. Þar sem ekki varð almenn fækkun, hafði verið reiknað með því að á árinu 2010 gæti það aftur á móti gerst en það varð ekki.

Ársþing HSP var halddi í Sólvangi á Tjörnesi. Auk formanns og gjaldkera fóru þær Þórveig Kristjánsdóttir og Þóra Kristín Sigurmundsdóttir á þingið.

Fundur með formönnum „stærri“ klúbbana á Norðurlandi, eða frá Golfklúbbi Sauðárkróks, Ólafsfjarðar, Siglufjarðar, Dalvíkur, Akureyri og Húsavík var haldinn í húsnæði golfklúbbs Akureyrar á Jaðarsvelli. Var þar að samkomulagi að klúbbarnir byðu áfram 30% afslátt af vallargjaldi gegn framvísum félagsskírteina. Golfklúbbur Mývatnssveitar og GH ákváðu 50% afslátt. 50% afsláttur í Golfklúbbi Hveragerðis á flatargjaldi gegn framvísum félagsskírteinis. Eins samningur við Golfklúbbinn Bakkakot í Mosfellsdal og afsláttur milli GH og Golfklúbbns Kjalar. Kr.500. – flatargjald.

Klúbbakeppnin, milli Austfirðinga og Þingeyinga var haldin á Húsavík að þessu sinni laugardaginn 21. ágúst. Okkar fólk sigraði í mótinu og bikarinn góði er því á Húsavík nú. Þá er bara að halda sem fastast í hann og taka með til baka í sumar.

Árshátíð klúbbns var haldin að lokinni Bændaglímunni laugardaginn 18. sept. í ljómandi góðu veðri. Góð þátttaka var, eða 46 manns. Aðalrétturinn framreiddur af Heimamönnum en desertinn gerðu nefndarkonur. Þessi hátíð var hin besta skemmtun þar sem margir komu fram. Nefndina skipuðu: Halldór Kristinsson og Guðrún Björnsdóttir, Sveinbjörn Magnússon, Anna Sigrún Mikaelsd, Birna Dögg Magnúsdóttir og Sigríður Aðalgeirs dóttir.

Vil ég þakka, félögum öllum, sem komið hafa að starfi klúbbns á einn eða annan hátt, fyrir þeirra óeigingjarna starf og stuðning á árinu.

Golfklúbbur Mývatnssveitar



Stjórn GKM árið 2010.

Aðrir embættismenn.

Form. vallarnefndar.	Sigurður Baldursson
Form. mótanefndar.	Jóhannes Steingrímsson
Form. forgj.nefndar.	Jóhannes Steingrímsson
Skoðunarmenn reikn.	Pétur Snæbjörnsson Ellert Rúnar Finnborgason

Starfsemi GKM sumarið 2010 var með nokkuð hefðbundnu sniði, nokkrir félagar spiluðu reglulega golf en aðrar gestakomur voru álíka margar og undanfarin ár.

Mótahald var svipað og undanfarin ár, klúbburinn naut velvildar margra fyrirtækja í sveitinni og nágrenni í okkar árlegu firmakeppi sem er stór hluti af okkar fjárlögun. Einnig studdu nokkur fyrirtæki myndarlega við bakið á okkur við rekstur vallarins og við opna mótið "Golf og Gufa" sem haldið var fyrstu helgina í september eins og undanfarin ár. Þáttaka í mótinu var mjög góð og gekk mótið í alla staði mjög vel. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu bakkir fyrir stuðninginn.

Vinna við skálann gekk heldur hægar en vonast hafði verið til en þó tókst að taka í notkun salernisaðstöðuna og ganga frá forstofu fyrir opna mótið, einnig var hægt að nota salinn bó að hann væri ófrágengin.

EKKI HEFUR VERIÐ GENGIÐ FRÁ NÝJUM SAMNINGI VIÐ LANDEIGENDUR UM VÖLLINN OG ER ÞAÐ BAGALEGT VEGNA ÞESS AÐ ÞAÐ VERÐUR EKKI FARIÐ Í NEINAR ENDURBÆTUR Á VELLINU SJÁLFUM MEÐAN SVO ER, EINNIG ERU NOKKRIR LANDEIGENDUR ÓSÁTTIR VIÐ STAÐSETNINGU GOLFSKÁLANS OG ÞVÍ HEFUR EKKI NÁÐST AÐ KLÁRA ÞESSI SAMNINGSMÁL. ÞAÐ ER EINLÆG VON MÍN AÐ ÞAÐ TAKIST AÐ GERA NÝJAN SAMNING SEM ALLRA FYRST SVO GOLFKLÚBBUR OG GOLFVÖLLUR VERÐI ÁFRAM Í MÝVATNSSVEIT UM ÓKOMIN ÁR.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum og öðrum félögum mínum fyrir samstarfið og vona að Golfklúbbur Mývatnssveitar eigi biarta framtíð.

Kristián Stefánsson formaður

Golfklúbburinn Gljúfri

GOG rekur golfvöllinn í Ásbyrgi, hefur einn mann í hlutastarfi við sláttog hiðingu. Einnig sér hann um slátt á knattspyrnuvöllunum í Lundi og á Kópaskeri gegn greiðslu.

GOG á dáttarvél og nauðsynlegustu sláttuvélar.

Félagatala á síðasta ári var ca 10 manns, þar af aðeins 5 búsettir á svæðinu. Árgjald til klúbb eins er kr: 20.000 fyrir fullorðinn einstakling.

Fh.Golfklúbbsins Gljúfra,
Marinó Eggertsson



Golfklúbburinn Hvammur

Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Nokkur mót voru haldin á vegum klúbbsins, þ.m.t. meistaramót sem fram fór í júlí. Barna- og ungingastarf var með sambærilegu sniði og árið á undan. Það er ánægjulegt að stærstur hluti þeirra barna og unglings sem hafa prófað að stunda golf hjá klúbbnum hafa haldið golfiðkun áfram. Rekstur klúbbsins var í ágætu horfi. Aukinn stuðningur frá helstu bakjörlum gaf færí á að bæta hirðingu á Hvammsvelli (9 holu golfvelli klúbbsins) auk þess sem lokið var við frágang á vallarhúsi á haustmánuðum. Síðastliðið sumar var fjöldi trjáplantna gróðursettur á og við völlinn og verðum gaman að fylgjast með hvernig ásýnd vallarins mun breytast þegar plönturnar stækka.

Á komandi árum verður áfram unnið jafnt og þétt að því að bæta aðstöðu klúbbsins til golfiðkunar. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfboðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað.

Jón Helgi Pétursson
formaður



Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2010 er fyrsta starfsár golfklúbbsins. Megin starfssemi golfklúbbins er fyrist og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og golfskálans Stekk er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn leigir völlinn og afnot af golfskála fyrir sína félagsmenn. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannahald er á vegum klúbbsins.

Laugardaginn 05. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara.

Við upphaf sumars voru skráðir í golfklúbbinn 68 félagsmenn en við lok sumars voru félagar orðnir 78, þar af eru 50 með fulla aðild og 28 með auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 28 konur og 50 karlar.

Kennsla

Golfklúbburinn kom á golfkennslu fyrir félagsmenn, það starf annaðist Árni Jónsson golfkennari. Kennt var á föstudögum frá miðjun júní fram að verslunarmannahelginni. Góð þátttaka var hjá bæði fullorðnum og börnum. Kennslan var höfð á æfingasvæði við Lundsvöll.

Mótahald

Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 01. ágúst og var það opið mót og spilað var 9 holu punktakeppni með forgjöf bæði karla og kvenna. Þátttakendur voru 41, sigurvegari í karlaflokki var Ingvi Hrafn Ingvason GHD með 23 punkta, og í kvenna flokka varð sigurvegari Halldóra Garðarsdóttir GLF með 36 punkta.

Annað mótið var síðan meistaramót GLF sem haldið var 21. ágúst. Þar mættu 18 félagar til keppni.

Spilað var 18 holu höggileikur án forgjafar, karla og kvenna. Sigurvegarí í karla og þar með meistari GLF 2010 varð Fylkir Þór Guðmundsson á 71 höggi og meistari kvenna varð Matthea Sigurðardóttir á 89 höggi. Á þessu fyrsta meistaramóti GLF er ekki hægt að segja að veðurguðir hafi verið okkur hliðhollir því að það helliringdi allan daginn með hávaða roki, en allt gekk vel og allir komu særir í hús.

Þann 05. Sept. sá GLF um framkvæmd á næst síðasta mótinu í Norðulandsmótaröðinni að beiðni stjórn mótaráðarinnar. Til leiks mættu 25 af bestu kylfingum á Norðurlandi og spiluðu við frábærar aðstæður, glampandi sól og 24 stiga hita. Sigurvegar varð Heiðar Davíð Bragason á skorinu 63 högg eða 5 höggum undir pari vallarins. Þetta er skráð vallarmet á Lundsvelli.

Stjórn golfklúbbsins kom saman 5. sinnum á árinu til fundar. Stjórnin ákvað að halda ekki aðalfund fyrir árið 2010 þar sem starfsemin er það lítil í augnablikinu en stefna að fundi fyrir lok nóv. 2011.

Pétur Ringsted
Formaður GLF

Hestamannafélagið Feykir

Þetta eru helstu atburðir hestamannafélagsins árið 2010

13. febrúar var haldið Ísmót á Klifatjörn við Kópasker.

Þar voru alls 15 hestar skráðir og var keppt í tveimur töltflokkum, Meistaraflokki, Stórmestarafllokki og einnig var skeiðkeppni.

20.-21. mars var boðið uppá reiðnámskeið í reiðskemmuni á Snartarstöðum. Kennari var Reynir Alti Jónsson reiðkennari og tamningamaður. Einstaklingsmiðuð einkakennsla í 45-60 min.

14. apríl var aðalfundur Feykis haldinn í Lundi, Öxarfirði.

26. júní var samverustund í Eyjadal, Ásbyrgi (Ásbyrgismótið var látið falla niður vegna hrossaflensu.) Þar var meðal annars teymt undir börnum, boðið upp á ferð í léttikerru, farið í leiki fyrir börn og fullorðna og sameiginlegt grill.

20.-22. ágúst var félagsferð Feykis. Riðið var úr sæluhúsinu á Öxarfjarðarheiði um Garðsdal og í Flautafell í Þistilfirði og þaðan heim aftur eins dags hvíld.



Kveðja, stjórn Feykis
Maríus Snær Halldórsson
Elísabet Gunnarsdóttir
Tryggvi Hrafn Sigurðsson

Hestamannafélagið Grani

Hestamannafélagið Grani tók þátt í og stóð að nokkrum viðburðum á árinu 2010.

Fyrst ber þar að nefna reiðnámskeið fyrir börn og unglings í samvinnu við Hestamiðstöðina í Saltvík. Námskeiðin voru vel sótt og skipta þátttakendur þar tugum sem aftur gefur tilefni til bjartsýni hvað varðar nýliðun í hestaíþróttum á starfssvæði Grana.

Rétt er þó að taka fram að í einhverjum tilfellum hafa einstaklingar tekið þátt sem tilheyra starfsvæði þjálfa og þátttaka þeirra því verið niðurgreidd af Grana. Sú ákvörðun var tekin af stjórn Grana og forsvarsmönnum Saltvíkur að aðhafast ekki vegna þessa þar sem það þótti ekki samrýmast ungmannafélagsandanum sem við vildum að einkenndi þessi námskeið.



Grani hélt sitt árlega firmamót á vordögum. Þátttaka var ágæt og stemning að venju góð. Félagsnefnd Grana stóð fyrir reglulegum samkomum og reiðtúrum yfir sumartímann. Þar var sérstaklega haft að leiðarljósi að reiðtúrarinnar væru fjölskylduvænir hvað varðar tímasetningar og lengd. Síðasta samkoma sumarsins kallast Fákagleði en þar taka við að loknum reiðtúr kappleikir fyrir alla fjölskylduna svo sem stígvlakast og stólaleikur þar sem menn ríða kringum stólana. Það er mat félagsmanna að þetta kerfi hafi komið vel út og sé til þess fallið að efla félagsandann.

„Ísmót“ Grana var haldið á veginum að nýju reiðhöllinni og var staðsetningin táknræn fyrir nýja tíma fyrir alla áhugamenn um hestaíþróttir. Þátttaka var góð bæði í barna- og fullorðinsflokk enda veður og aðstæður allar hinar ákjósanlegustu.

Grani stóð að viðgerðum reiðvegar í landi Saltvíkur og var með þeim öryggi mikið bætt fyrir ríðandi umferð. Var þetta gert fyrir styrk frá reiðvegasjóði LH sem tókst að halda í þrátt fyrir mikinn niðurskurð sjóðsins. Verkinu er lokið og kostaði 500 þúsund.

Síðastliðið ár var hestamönnum um allt land erfitt vegna veikinda sem herjuðu á íslenska hestinn og er þar skemmst að minnast að fallið var frá að halda landsmót sem vera átti á Vindheimamelum í Skagafirði. En slík ákvörðun er íþróttinni afar þungbær enda um 12-14 þúsund manna samkoma. Það stendur hinsvegar til að halda mótið í ár og horfa því hestamenn bjartsýnir fram á veginn.

Mikil vinna hefur verið vegna byggingar á reiðhöll í landi Saltvíkur en sú vinna er nú á loka stigi. Rétt er að árétta við þetta tækifæri að það er mikill vilji hestamanna að byggingin nýtist sem allra flestum íþróttaiðkendum á félagssvæði HSP og takmarkast þau not eingöngu af hugmyndaflugi okkar heimamanna. Víða tíðkast að nýta reiðhallir undir frjálsar íþróttir, golf æfingar og skotfimi auk ýmissa viðburða sem krefjast rýmis. Við viljum því hvetja þá sem vinna að íþróttamálum á svæðinu til að horfa til þessa glæsilega mannvirkis þegar kemur að því að skipuleggja íþróttastarf.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Grana
Þorgrímur Sigmundsson, formaður

Hestamannafélagið Snæfaxi

Starfsemi Snæfaxa var með hefðbundnu sniði að öðru leyti en því að nýbyggð reiðhöll á Gunnarsstöðum hefur bætt möguleika á vetrariðkun til muna.

Það sem iðkað var í hestamennsku á vegum félagsins var helst;

- Fræðslukvöld var haldið á Eyrinni 28. janúar. Reynir Atli hélt fræðsluerindi. Góð mæting.
- Folaldasýning á Raufarhöfn í samstarfi við Feyki og Neshesta. Velheppnað, 35 folöld og nokkri unghestar sýnd.
- Ísmót á Hundsvatni 8. mars. Þar var keppt í ístölti og skeiði. Var þátttaka góð og komu keppendur alveg austan af Héraði til að heimsækja okkur. Keppni gekk ágætlega þrátt fyrir stífan vind. Á eftir var boðið í kaffi í félagsheimilinu Þórsveri og lögðu öflugar félagskonur fram bæði efni og vinnu. Þar fór fram verðlaunaafhending.
- Kvennreið 26. júlí. Riðið var frá Holti yfir að Hölkna og niður að ósi hennar. Austur sandinn og aftur til baka upp dalinn. 26 ríðandi konur og góðstemming. Endað á grillveislu, gleði og söng í Holti.
- Bæjarkeppni 21. ágúst þar sem keptu 3 manna lið með frjálsri aðferð. Einnig var keppt í kappreiðum. Var síðan haldið að Svalbarði þar sem farið var í leiki og grillað.
- Félagsferð 28. – 29. ágúst. Riðið inn Tunguselsheiði og gist í Vesturheiðarkofa. 32 gistu í kofa og gekk ferðin í alla staði mjög vel.
- Í október var svo hafin kennsla í nýju reiðhöllinni á Gunnarsstöðum og stunduðu 11 nemendur þar nám í Knapamerki 1. Kennari Ágúst Marinó Ágústsson.

Annað var ekki um uppákomur á vegum félagsins en vonumst við eftir aukningu í æskulýðs- og unglingsstarfi nú þegar langþráð reiðhöll er risin og hægt að bjóða uppá „öruggar“ aðstæður allt árið.

F.h. Snæfaxa
Hildur Stefánsdóttir

Hestamannafélagið Þjálfi



Starfsemi Þjálfa var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2010, nokkuð mikil gróska var í nýju æskulýðsdeildinni og voru þau með námskeið, fræðsludaga og opna reiðhallardaga í Torfunesi og var þessu mjög vel tekið.

Mótin voru öll með líku sniði og undanfarin ár, Mývatn Open var haldið 13. mars og lukkaðist vel, eins og alltaf var þó nokkur fjöldi keppenda og áhorfenda og voru allir sáttir í lok helgar.

Stórmót Þjálfa að Einarsstöðum var haldið aðra helgina í ágúst og líkt og undanfarin ár kom tölverður fjöldi ríðandi á mótsstað og skapar það alltaf skemmtilega stemningu, fjöldi keppenda var og áhorfendur nutu móts á fallegum stað í góðu veðri. Eina sem mögulega skyggir á er örfá hættusvæði ríðandi hópa meðfram þjóðveginum frá Fosshóli að Stórutjörnum og vonandi verður hægt að bæta úr því á komandi árum.

Firmakeppni var haldin að Einarsstöðum þar sem félagsmenn etja kappi sér til skemmtunar og höfðu gaman af.

Aðalfundur félagsins var haldinn í apríl og urðu þær breytingar á stjórn að Arngrímur Geirsson steig úr stjórn og í hans stað kom inn Snorri Kristjánsson, kunnum við Arngrími bestu þakkir fyrir hans starf undanfarin ár og bjóðum Snorra hjartanlega velkomin.

Breytingar urðu á stjórn æskulýðsdeildarinnar og hana skipa nú :

Gunnar Óli Hákonarson formaður

Birna Hólmeirs dóttir

Linda Björk Ómarsdóttir

Ásta Gísladóttir

Bryndís Ívars dóttir gjaldkeri

Formaður og gjaldkeri stjórnar Þjálfa sóttu landsþing LH í nóvember og urðu þær liflegar umræður þó ekki hafi þær orðið eins liflegar og við mátti búast en gott þing engu að síður.

Landsmót sem halda átti á Vindheimamelum í Skagafirði sumarið 2010 var fellt niður og fært til sumarsins 2011 vegna þeirra pestar sem gerði allhressilega vart við sig og lamaði allt hestastarf stóran hluta ársins en allt er það að komast í eðlilegar horfur á ný og vonandi að við þurfum ekki að eiga við slíka vá á næstunni.

Ekki var fleira markvert á árinu 2010.

F.h. Þjálfa
Árný Hulda Sæmundardóttir
formaður

Íþróttafélag Laugaskóla

Árið 2010 hófst mjög vel í Íþróttastarfi á Laugum en við sendum tvö lið, karla- og kvennalið á blakmót á Húsavík fyrstu helgina í janúar og karlaliðið hélt svo áfram að keppa í blaki en þeir tóku þátt í Íslandsmótinu. Hið árlega Grunnskólamót var haldið um 20. mars og var mjög góð þátttaka í því. Einnig héldum við nokkrar nemendakeppnir eða Vistarkeppnir eins og við köllum það, en þá keppa heimavistirnar í alls konar íþróttagreinum sem og öðrum greinum og safna stigum jafnt og þétt yfir önnina.

Haustið 2010 var kosin ný íþróttafélagsstjórn en hana skipa Björgvin Már Vigfússon, Indíana Þórsteinsdóttir, Magnea Dröfn Hlynsdóttir, Patrycja Maria Reimus og Þóra Kristín Sigurðardóttir. Eftir að ný stjórn tók til starfa héldum við þrjár Vistarkeppnir fram að áramótum. Einnig hefur Íþróttafélagið einn tíma í viku í íþróttahúsinu sem það getur ráðið að vild, en við höfum reynt að hafa svolítið fjölbreyttar íþróttagreinar eða þær greinar sem eru ekki nú þegar á stundatöflu íþróttahússins og er yfirleitt góð þátttaka í þeim tínum. Laugamótið í battabolta var svo haldið í nóvember en þar komu margir nemendur að keppni og starfi.

Stjórn ÍFL

Íþróttafélagið Magni



Starfsemi Íþróttafélagsins Magna var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Fótboltinn er þar í aðalhlutverki líkt og undanfarið. Barna- og ungingastarf hefur verið þar í aðalhlutverki og eru iðkendur nú um 40 talsins. Reynt hefur verið að taka þátt í eins mörgum mótmum og mögulegt er og var t.d. farið á Goðamót, Smábæjarleika á Blönduósi, Strandamót og Nikulásarmót að ógleymdum hérðasmótum HSþ. Krakkarnir stóðu sig mjög vel, þrátt fyrir að stundum ættu þau við ofurefli að etja. Sem kannski er ekkert skrítið þegar haft er í huga að fjöldi iðkenda í hverjum flokki er ekki mikill eins og gefur að skilja.

Magni teflir ávallt fram liði í meistaraflokki og var árangur þar framar væntingum, en liðið komst í úrslitakeppni um sæti í 2.deild. Tvísýnt var á tímabili hvort tækist að fá nógan mannskap til að stilla upp liði þetta árið en það tókst þó að lokum.

Á haustdögum réðust Magnamenn í það stórvirki að byggja nýjan íþróttavöll og náðist að klára það verkefni rétt áður en veturnungur tekur völdin. Einnig var unnið við snyrtingu á svæðinu. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að fara í svona verkefni án þess að hafa góða að og verður að hrósa öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við framkvæmdina og gerðu hana að veruleika. Mikil spenna er í mönnum að sjá í vor hvernig verkið hefur heppnast.

Íþróttafélagið Magni var rekið með tapi á s.l ári og hefur það ekki gerst lengi. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að farið var í björgunaraðgerðir gagnvart meistaraflokki til að manna liðið. Fengnir voru nokkrir útlendingar til að spila með liðinu og kostaði það skildinginn. Það er þó alveg ljóst að ekki verður það gert aftur, enda ekki þörf á þar sem allt annar bragur er á leikmannamálum núna og mikil bjartsýni í herbúðum félagsins.

Með kveðju
Þorsteinn Þormóðsson
Formaður Magna, Grenivík

Íþróttafélagið Völsungur



Hér verður greint frá starfi 11 deilda og ráða innan Völsungs. Og eins og við er að búast er starfið mismikið af vöxtum. Allt frá deild sem stendur fyrir einu námskeiði á ári og upp í deild með 200 iðkendur í 10 flokkum.

Knattspyrnuráð heldur utan um starfsemi meistaraflokka knattspyrnu. Völsungur tekur þátt í Íslandsmóti beggja kynja. Strákarnir spiluðu í 2. deild. Þeim gekk frekar illa framan af móti en áttu góðan endaspátt og luku keppni í 3. sæti. Þjálfari þeirra er Jóhann Kristinn Gunnarsson og honum til aðstoðar var Guðni Rúnar Helgason. Markmið um sæti í fyrstudeild bíður því að vera endurnýað fyrir árið 2011. Mikil og góð umfjöllun er um mfl karla á 123.is/volsungur og einnig halda sömu aðilar úti facebook síðu. Stelpunum gekk ekki sem best þetta tímabil. Þær komust ekki í úrslitakeppni 1. deilda í fyrsta skipti frá stofnun meistaraflokks. Þjálfari þeirra var Andri Hnikarr Jónsson. Báðir hópar eiga það sameiginlegt að vera mannaðir ungu leikmönnum stelpurnar þó með áberandi ungan hóp þetta árið. Völsungur og Framhaldsskólans á Húsavík undirrituðu samstarfssamning um rekstur afreksáfanga við FSH snemma á árinu. Það samstarf lofar góðu og eru u.p.b. 15 nemendur í þessum áfanga núna á vorönninni.

Starfsemi yngri flokka knattspyrnu er rekin sem deild innan Völsungs. Æfingar stundaðar í öllum flokkum kk og kvk. Lið Völsungs taka þátt í Íslandsmóti í öllum aldursflokkum. Tveir hópar stúlkna komust í úrslitakeppni í sínum aldurshópi. 6.fl og 4.fl og voru báðar úrslitakeppnirnar haldnar á Húsavík. Síðan fara hóparnir á opin móti víðs vegar um landið og er markmiðið að finna hverjum hóp verkefni við hæfi. Knattspyrnulegur árangur er viðunandi. Völsungur á fulltrúa í yngri landsliðum og í það heila fóru 12 ungmanni á úrtaksæfingar landsliða á árinu 2010. Eimskipsmótið er eina opna mótið sem Völsungur stendur fyrir. Á það koma 6. og 7. fl Mótið er dagsmót og er haldið sinni huta ágúst. Til að auðvelda liðum með fá iðkendur að taka þátt er boðið upp á að skrá blönduð liðstelpna og stráka.

Fimleikadeildin hefur verið að sækja í sig veðrið undan farin ár og á síðasta starfsári iðkuðu um 70 iðkendur fimleika. Deildin hefur verið dugleg að afla fjár til tækjakaupa. Bætt aðstaða ásamt dugnaði foreldra og áherslu á að vanda þjálfun hefur gefið fimleikum byr í seglin. Að öðrum ólöstuðum hefur Guðrún Kristinsdóttir leitt starf fimleikadeildarinnar með miklum sóma.

Hanknattleiksráð tók ákvörðun um að reyna að blása lífi í handboltalífið á Húsavík. Meistaraflokkur hefur tekið þátt í Íslandsmóti frá því í haust og svo heldur Völsungur úti liðum í 5. og 3. fl kk. Húsavíkurmótið í handbolta er einn af stóru viðburðum íþróttalífsins á Húsavík á hverju ári og hefur verið í 18 ár. Húsavíkurmótið er fyrir 5. fl yngra ár og árið 2010 var eitt stærsta mótið í sögu Húsavíkurmótanna með um 450 keppendur.

Hjá sundráði er starfsemin svipuð og verið hefur. Um 20 krakkar æfa að jafnaði sund. Um frekar ungan hóp er að ræða. Æfingar eru stundaðar bæði í lauginni á Húsavík og svo er samstaf um æfingar á Laugum í Reykjadal.

Hjá blakdeild Völsungs æfa fyrst og fremst öldungar (+30 ára) Konurnar taka þátt í Íslandsmóti en aðrir taka eingöngu þátt gleðinnar og æfinganna vegna með það að markmiði að taka þátt í árlegu öldungamóti í blaki. Tilraun er í gangi hjá blakdeildinni að bjóða upp á krakkablak. Lofar það góðu, iðkendahópur fer stækkandi og eru forsvarsmenn blaksins bjartsýn á framhaldið.

Einungis þrír iðkendur eru í alpagreinum hjá skíðadeild Völsungs. Stefán Jón Sigurgeirsson sem var í landsliðshópi Íslands á vetrarolympíeikunum í Kanada. Það má segja að betri veðrátta yfir vetrarmánuðina hafi svæft skíðadeildina. Stefán var svo kjörinn íþróttamaður Húsavíkur 2010.

Gönguskíðafólk stofnaði deild innan Völsungs á síðasta ári. Fjöldi gönguskíðafólks hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Þetta eru að mestu fullornir iðkendur sem stunda gönguskíði sér til heilsubótar en einnig hefur fjöldi þeirra sem æfa af meirakappi aukist og eiga Húsvíkingar fulltrúa í Wasagöngunni í Svíþjóð á hverju ári auk þátttöku á mótmum innanlands. Buch- orkugangan er stærsti viðburður ársins hjá gönguskíðafólk á Húsavík. Gangan hefur farið stækkandi ár frá ári. Gengið er frá Kröflu til Húsavíkur um 60 km leið en það er lengsta vegalengd sem gengin er á landinu í keppni.

Boccia deild Völsungs varð 20 ára á árinu og var árlegt bocciamót enn veglegra í tilefni tímamótanna. Kíwanisklúbburinn Skjálfandi er bakhjarl boccíadeildarinnar og sér um mótið. Kíwanis sjá einnig um val og krýningu á íþróttamönum ársins á Húsavík. Siglingadeild Völsungs er þriggja ára gömul deild og er starfrækt í kring um námskeið yfir sumarmánuðina. Eitt námskeið var haldið árið 2010.

Íþrótt- og hreyfiskóli Völsungs er fyrirbæri sem hefur verið í þróun hjá Völsungi undanfarin ár og er hugsunin sú að veita þátttakendum tækifæri til alhliða hreyfibjáfunar óháð greinum. Íþróttaskólinn er fyrir börn á leiksólaaldri en hreyfiskólinn fyrir nemendur 1. – 4. bekk grunnskóla og er unnið í nánu samstarfi við Borgarhólsskóla og í beinu framhaldi af skólastarfi þar.

Mývetningur, íþrótt- og ungmenningarfélag

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Skólbrekku í enda mars, urðu nokkrar breytingar. Lárus Björnsson, Auður Jónsdóttir og Halldór Árnason gengu úr stjórn.

Ný stjórn var kosin og hana skipa:

Jón Elvar Steindórsson formaður

Kolbrún Ívars dóttir gjaldkeri

Ásdís Jóhannesdóttir ritari

Jón Óskar Ferdinandsson meðstjórnandi

Hrefna Sigurgeirs dóttir meðstjórnandi

Þó nokkrir fundir voru haldnir á árinu og einkaritari formanns var dugleg að senda tölvupósta fyrir hann.

Starfið á árinu var með nokkuð hefðbundnu sniði og undan farin ár.

Skiði:

Öflugt starf var á skíðasvæðinu undir handleiðslu Þorvaldar Þorsteinssonar, sem hefur séð um æfingar í þó nokkur ár. Alls voru iðkendur 22 sem stunduðu æfingar þennan veturinn. Keppendur frá Mývetningi tóku að venju þátt í mörgum mótmum. Meðal annars tóku 13 - 14 ára og 15 ára og eldri þátt í stigamótum víða um land.

6 – 15 ára tóku þátt á Andrésar andar leikunum á Akureyri, yngri iðkendur fóru í æfingar- og keppnisferð á Siglufjörð og skiliðu krakkarnir góðum árangri þar. Að venju enduðum við skíðavertíðina á Guffaleikunum, sem er innanfélagsmót og er haldið helgina eftir Andrésleikana. Voru þetta elleftu Guffaleikarnir.

Fótbolti:

Um fótbaltaþjálfun yfir vetrartímann sá Jón Elvar Steindórsson en um sumarþjálfunina sá Daníel Baldvinsson. Síðasta ár voru um 35 krakkar að æfa, í tveimur flokkum. Kept var í ýmsum mótum hér norðanlands.

5. og 6. flokkur kepptu á Goðamóti á Akureyri og á Nikulásarmóti á Ólafsfirði. Í júní var farið á smábæjarleika á Blönduósi þar sem 4., 5. og 6. flokkur kepptu. Einnig var farið á héraðsmót.

3. flokkur keppti í Íslandsmóti í sjö manna bolta og ferðuðust um allt norðurland. Í nóvember var farið á Þórshöfn, þar sem héraðsmót í innanhúsfótbolta var haldið, fyrir 5. og 6. flokk.

Sundnámskeið:

Vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að bjóða aftur upp á sundnámskeið. Þau Hákon Fannar Ellertsson og Soffía Kristín Björnsdóttir sáu um kennsluna líkt og árið áður. Þau eru bæði nemar við Íþróttta- og kennaraháskólann á Laugarvatni.

Frjálsar:

Nokkur börn stunduðu frjálsar íþróttir á árinu og sóttu æfingar hjá HSP á Laugum. Nokkrir krakkar sóttu frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var á Laugum í sumar.

Glíma:

Glímuæfingar voru á Laugum og voru vel sóttar. Fóru menn á þó nokkur móti og skiliðu mjög góðum árangri.

Blak:

Nokkrar framtakssamar konur í sveitinni ákváðu að koma á fót blakæfingum. Í fyrstu voru þær einu sinni í viku en vegna mikils áhuga eru æfingarnar orðnar tvær og búið er að ráða þjálfara, Björgvin Má Vigfússon.

Félagar úr Mývetningi unnu að venju við Orkugönguna og einnig við Mývatnsmarathonið.

Fjároflun var með hefðbundnu sniði og var haldið páska- og jólabingó. Einnig seldu krakkarnir salernispappír og töku sveitungar vel á móti þeim og þökkum við fyrir stuðninginn.

Eins og undanfarin ár snýst starf félagsins að mestum hluta um íþróttaiðkun barna og unglings. Er það vel þar sem íþróttaiðkun barna er einhver sú besta forvörn sem völ er á og mikilvægt er að foreldrar séu tibúnir að styðja börn sín við íþróttaiðkun og fylgja þeim á móti og aðrar uppákomur sem tengjast íþróttastarfini.

Að lokum vill ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og foreldrum fyrir gott samstarf á árinu og vonast eftir áframhaldandi samstarfi á næsta ári.

**Fyrir hönd Mývetnings,
Jón Elvar Steindórsson, formaður**

Skákfélagið Goðinn



Skákstarf skákfélagsins Goðans hefur verið óvenju öflugt á árinu 2010.

Skákþing Goðans var haldið í febrúar og Rúnar Ísleifsson varð skákmeistari Goðans 2010.

Seinni hluti íslandsmótsins 2009-2010 var haldið í Reykjavík og sendi Goðinn tvö keppnislið þangað til keppni, alls 12 keppendur. Varð árangur ágætur, en A-liðið lenti í 8 sæti af 26 liðum.

Hérðasmót HSP var haldið í apríl og vann Rúnar Ísleifsson það. Skákfélagið stóð fyrir því að skáksveit var send úr Borgarhólsskóla á Húsavík til keppni á Íslandsmóti barnaskólasveita í mars, annað árið í röð og náði liðið þar ágætum árangri og endaði í 15 sæti af 60 liðum.

Skákæfingar voru með reglubundum hætti allan veturninn og var síðast skákæfingin í apríl lok. Félagið hélt skákþing norðlendinga í apríl þar sem 22 keppendur mættu til leiks.

Héraðsmót HSP var haldið fyrir 16 ára og yngri í maí og varð Benedikt Þór Jóhannsson héraðsmeistari í skák 2010 og var það þriðja árið í röð sem Benedikt varð héraðsmeistari HSP.

Í sumar stóð félagið fyrir útiskákmóti í Dimmuborgum í Mývatnssveit og vel sóttu fjölteflí á Mærudögum á Húsavík þar sem gestir og gangandi öttu kappi við skákmeistara norðlendinga 2010, Áskel Örn Kárason.

Skákstarfið hófst svo aftur í september, með reglubundum skákæfingum.

Íslandsmót skákfélaga 2010-11, fyrri hluti, var haldið í október. Goðinn sendi í fyrsta skipti þjár skáksveitir til keppni, alls 22 keppendur, sem skiptust á að manna 18 borð í 4 umferðum. A-liðið á góða möguleika á að vinna 3. deildina og vinna sig þar með upp í 2. deild á næsta ári. Goðinn á nú mjög öflugt A-lið, þar sem meðalskákstig liðsmanna eru rúmlega 2100 elő-stig.

Það var mögulegt að senda svona marga keppendur því fjöldað hefur í félaginu og eru nú skráðir 52 félagsmenn í félagið. Skákfélagið Goðinn er nú 9. stærsta skákfélag landsins og það 4. stærsta utan höfuðborgarsvæðisins.

15 min mótið var haldið í október og vann Rúnar Ísleifsson það.

Framsýnarmótið, (áður haustmótið) var haldið í nóvember og vann Jón Þorvaldsson það. Hraðskákmótið var haldið í desember og varð Rúnar Ísleifsson hraðskákmeistari félagsins 2010. Það móti er fjölmennasta innanfélagsmóti sem Goðinn hefur haldið frá stofnun, en 18 félagsmenn tóku þátt í því.

Skákkennsla hefur verðið öflug hjá félaginu hingað til en í veturn hefur félagið verið að þroa skákkennslu með nýjum hætti. Félagið hefur boðið uppá kennslu í gegnum samskiptavefinn Skype, en vegna lélegra nettengina á sumum stöðum hefur það gengið brösulega. Félagið er með skákkennslu á Húsavík þar sem byrjendum og lengra komnum er kennt og hefur félagið aðstöðu hjá Framsýn stéttarfélagi á Húsavík. Byrjendakennslan fer fram í Túni á Húsavík.

Skákfélagið Goðinn var valið skákfélag ársins árið 2010 af ritstjóra skák.is.

Á næstu árum hefur Goðinn uppi stór áform um mótaðald í héraði, því hafinn er óformlegur undirbúningur að stóru alþjólegu skákmóti á Húsavík árið 2012 og mögulega verður Íslandsmót skákfélaga haldið á Húsavík árið 2015, en þá á félagið 10 ára afmæli.

Skotfélag Húsavíkur

Mikil starfsemi hefur verið á árinu 2010, haldin voru 6 skotmót og þar af eitt riffilmót það fyrsta hjá skotfélagi Húsavíkur og gerður góður rómur af því þannig það á framtíð fyrir sér, á móttunum kepptu samtals yfir 100 manns í allt og það er met.



Fleiri met voru slegin, menn fóru og kepptu á STÍ mótaröð til Íslandsmeistara og uppskárum Íslandsmeistara í unglingsflokk og allir stóðu sig með prýði, í framhaldi verður haldið fyrsta STÍ móti til Íslandsmeistara haldið á Húsavík 18.-19. júní næstkomandi. Í sumar voru skotnar ca 120 þúsund dúfur sem er alla vega helmingi meira en nokkurn tímamann áður og má því þakka mikilli nýliðun og góðu starfi. Framkvæmdir á árinu voru miklar, bílastæðið var þrefaldað, völlurinn var tekinn í gegn, bættir stígar og sáð í völlinn, byggður nýr pallur við hús og sett niður 10 fermetra hús við vallaraðstöðu.

Árið 2011 byrjar á því að endurnýja leirdúfukastara, nýju kastararnir uppfylla allar ströngustu keppniskröfur og í framhaldinu kemur landsliðspjálfari og verður með einstaklingspjálfun fyrir keppnisfólk okkar, þar í forgrunni unglingsarnir sem STÍ menn vilja fá í landsliðshóp.

Framtíðin er mjög björt fyrir félagið, félagastarf aldrei verið meira, samstarf við STÍ orðið mikið og félagið blásið út, halda þarf vel utan um þetta starf sem búið er að vinna markvisst að síðustu ár...

f.h. stjórnar Skotfélags Húsavíkur,
Gunnólfur Sveinsson

Ungmennafélag Langnesinga



Hjá Ungmennafélagini störfuðu 6 þjálfarar í fótbalta, körfubolta, handbolta og frjálsum. Fyrirkomulagið á æfingunum síðasta veturn og sumar voru með sama sniði og undanfarin ár. Allir flokkar í fótbalta fengu 2 æfingar í viku sem og frjálsu íþróttirnar. Körfuboltinn sem er alltaf að verða vinsælli hér á Þórshöfn var veturninn 2010 fyrir alla aldurshópa. Körfuboltinn var tilraunaverkefni hjá okkur en um áramótin en þá tók handboltinn við vegna dræmar þátttöku í körfuboltanum. Ungmennafélagið leggur mikla áherslu á að fá til sín fólk sem hefur áhuga og vilja til að taka að sér verkefni á borð við þjálfun og því var ákveðið að hækka laun þjálfara. Hins vegar hefur Ungmennafélagið ekki hækkað æfingargjöldin hjá sér síðustu 3 ár. Aftur á móti höfum við farið í hina áttina og ákváðum við að þriðja barn, fjórða barn o.s.frv. í fjölskyldu skyldu ekki borga æfingargjöld. UMFL er með eitt gjald fyrir alla iökendur á allar þær æfingar sem eru í boði hvort sem um er að ræða fótbalta, frjálsar, handbolta eða körfubolta. Aðalfundur ungmannafélagsins var haldin í mars s.l. Þar voru meðal annars samþykkt ný lög félagsins og ný stjórn kosin til eins árs.

Nú síðasta sumar var mikið og gott starf unnið hjá UMFL. Sumarið byrjaði á því að farið var með 5. og 6. flokk karla og kvenna á Fjarðarársmótið á Reyðarfirði. Hjá mörgum var þetta þeirra fyrsta móti sem er í raun stór sigur og var stemningin frábær og leikgleðin skein úr andliti barnanna. 5 og 6 flokkur kvenna tók ekki þátt í Íslandamóti í sumar og því ákvað þjálfari liðsins að finna aukaverkefni fyrir þær. Stefnan tekin til Akureyrar um mitt

sumar að spila 2 æfingaleiki við tvö stærstu félögum þar Þór og KA. Sama var upp á teningnum á Fjarðarársmótinu. Var þetta hálfgerð frumraun stelpnanna og var leikgleðin mikil. Í lok sumars var farið á fótboltamót í Ýdali með blandað lið stelpur strákar í 5 flokki. Ákveðið var að halda áfram samstarfi við Hattarmenn í fótboltanum. Það samstarf náði til 4. flokks karla og kvenna og 3. flokks karla og kvenna. Þessir flokkar spilaðu 11 manna bolta í íslandsmóti undir nafninu Höttur/UMFL. Árangurinn var nokkuð góður þó svo að þessir flokkar komust ekki áfram upp úr sínum riðlum. Í framhaldi af þessu samstarfi var einnig ákveðið að fara á Rey cup sem er stórt alþjóðlegt fótboltamót í Reykjavík. 3 flokkur kvenna spilaði einn leik í 11 manna bolta á Þórshöfn í lok ágúst s.l. Talið er að þetta sé fyrsti leikurinn í 11 manna bolta sem er spilaður hérna á Þórshöfn í yngri flokkum og því var um merkilegan viðburð að ræða. Fyrir utan þetta samstarfi við Hött þá átti UMFL 2 önnur lið í íslandsmóti sem spilaðu einungis undir merkjum UMFL í 7 manna bolta. Það voru 4 og 5 flokkur karla. 5. flokkurinn tók stórstígum framförum frá sumrinu 2009.

Markmið flokksins var að gera betur sumarið 2010 heldur en sumarið 2009 og það markmið tókst heldur betur því sumarið 2009 fékk flokkurinn 10 stig en sumarið 2010 urðu þau 18. 4 flokkurinn náði sömuleiðis mjög góðum árangri í ár. Þetta er annað árið í röð sem flokkurinn vinnur sinn riðil (norðurlandsriðilinn) og kemst í úrslitakeppnina. Í ár var úrslitakeppnin haldin á Sauðarkróki og verður að segjast alveg eins og er að það var grátlegt að koma ekki heim með Íslandsmeistaratalilinn. Liðið var hársbreidd frá titlinum en strákarnir geta þó verið stoltir með silfrið og annað sætið. Alls voru spilaðir 57 leikir á íslandsmótinu sumarið 2010

Frjálsar íþróttir hafa verið vinsælar hér á Þórshöfn síðustu 2 ár. Yngri flokkurinn í frjálsum fór til Húsavíkur á innanhúsmót í frjálsum í vor og heppnaðist sú ferð afar vel. Það var mjög góð mæting á þetta móti og krakkarnir okkar voru að ná í fullt af stigum fyrir okkar félag. Þessi ferð var frumraun margra og er það stór sigur að fá svona góða þátttöku og að sjá svo þessa krakka koma brosandi til baka og segja manni frá hvernig ferðin gekk. Næsta móti var hið árlega Ásbyrgismót. Þar áttum við fullt af keppendum í fótbolta og frjálsum. UMFL sigraði í öllum flokkum í fótbolta nema í floknum 10 ára og yngri. Frjálsíþróttakeppnin gekk ágætlega og voru það helst til yngri keppendurnir sem voru að halda uppi merki ungmennafélagsins okkar. Hins vegar þá hefur elsta kynslóðin tekið miklum framförum árið 2009 og 2010 og hefur þátttakan aldrei verið meiri hjá þessum aldursflokk eins og síðustu 2 sumur.

Í lokin á þessari yfirferð þá er ekki hægt annað en að nefna þá tengiliði sem voru fengnir fyrir hvern flokk í fótbolta í byrjun sumars 2010. Haldinn var fundur í byrjun sumars og hóðaði var í nokkra foreldra. Eftir þennan fund voru allir flokkar í fótbolta komnir með tengiliði sem er mjög nauðsynlegt ef halda á úti svona mörgum flokkum. Hlutverk þessara tengiliða var að vera í sambandi við aðra tengiliði hjá öðrum félögum, sjá um búningamál og vera þjálfaranum og iðkendunum innan handar í keppnisferðum.

Fyrir utan þetta góða og mikla starf veturinn 2010 og sumarið 2010 eru fleiri góðir hlutir að gerast í féluginu. Síðla árs 2009 keyptum við rútu sem við eignum skuldlaust og hefur hún heldur betur þjónað sínum tilgangi í sumar. Í lok sumars 2010 festum við kaup á nýrri farangurskerru sem við eignum einnig skuldlaust. Og ekki nóg með það, við reistum klifurvegg í íþróttahúsinu sem við eignum skuldlaust með tveimur öðrum aðilum.

Fjárlunarráð ungmennafélagsins stóð sig einkar vel árið 2010. Mikið var um fjáraflanir og tók ungmennafelagið þátt í hinum ýmsu viðburðum. Helstu fjáraflanirnar hjá féluginu eru sala á wc pappír, dósasöfnun, sala á bolum, bílrúðubúningum, svitaböndum, rækjum og auðvitað Káta daga kaffið. Við töku einnig að okkur að sjá um fótboltavöll Langanesbyggðar og hátíðahöld á 17. júní annað árið í röð.

Helstu styrktaraðilar okkar eru og hafa verið í gegnum tíðina Langanesbyggð, Geir ehf, Dalá ehf, BJ vinnuvélar, Sparisjóðurinn, VÍS, N1, Eyrin, S.F.viðgerðir, Fánasmiðjan, Samkaup og Ísfélag Vestmannaeyja.

Stjórn Ungmennafélags Langnesinga

Ungmennafélag Tjörnesinga

Haldin voru fáein spilakvöld, -"félagsvist", voru þau ágætlega sótt. Fleira ekki gert á árinu.

fh.U.M.F.Tjörnesinga,
Árni V. Kárason

Ungmennafélag Öxfirðinga

Í stjórn Ungmennafélagsins eru Jóhann Rúnar Pálsson formaður, Stefán Pétursson gjaldkeri og Vigdís Sigvarðardóttir ritari.

Starf félagsins 2010 var með líku sniði og undangengin ár. Félagið hélt úti íþróttæfingum í Lundi sumarið 2010 í samstarfi við Leif heppna. Ráðnir voru þeir Jóhannes Guðmundsson og Friðbjörn Bragi Hlynsson til að sjá um æfingar.

Spilaðar hefur verið fótbolti einu sinni í viku í íþróttahúsinu í Lundi undir merkjum UMFÖ á veturna. Tvisvar í viku hafa verið Boot camp æfingar í umsjón Þorsteins Hymers og Corneliu Spandau með góðri þátttöku.

Karlalið UMFÖ í blaki hefur stundað æfingar og tekið þátt í fjölmörgum mótmum. Félagar úr UMFÖ tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd Jökulárhlaupsins og er óhætt að segja að vel hafi tekist til með hlaupið undanfarin ár. Að vanda var eitthvað um þátttöku félagsmanna UMFÖ á mótmum Héraðssambands Þingeyinga og á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Með kveðju
Vigdís Sigvarðardóttir

Ungmennafélagið Afturelding

Starfsárið 2010 var tíðindalítið. Ekki tókst að halda úti frjálsíþróttu æfingum, en þrátt fyrir það fóru keppendur frá okkur og tóku þátt í Ásbyrgismóti, þau stóðu sig með mikilli prýði.

Stjórn félagsins skipa Soffía Björgvinsdóttir formaður, Vilborg Stefánsdóttir gjaldkeri og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir ritari.

Ungmennafélagið Afturelding

Ungmennafélagið Austri



Árið 2010 var nokkuð hefðbundið hjá UMF Austra. Á tímabilinu janúar til maí voru íþróttæfingar þrisvar sinnum í viku, Berglind Kristinsdóttir sá um frjálsar æfingar einu sinni í viku og Róbert Bjarnason þjálfaði fótbolti tvisvar í viku og voru mætingar mjög góðar hjá krökkunum. Einnig var Ragnar Skúlason með badmintonæfingar fyrir börn og fullorðna sem vöktu mikla gleði.

Farið var á frjálsíþróttamót fyrir 18 ára og yngri á Húsavík 20. mars þar sem krakkarnir stóðu sig frábærlega vel og lentu í 2 sæti í stigakeppninni.

Aðalfundur fyrir árið 2009 var haldinn að Hótel Norðurljósum þann 12. maí og stjórnin var endurkjörin en formaður Birna Björnsdóttir óskaði ekki eftir áframhaldandi setu. Birnu var þökkuð vel unnin störf fyrir félagið.

Stjórnina skipa: Berglind Friðbergsdóttir formaður, Olga Friðriksdóttir gjaldkeri, Svava Árnadóttir ritari og Kristín Þormar meðstjórnandi, Tómas Sigurðsson kom inn sem

fimmti maður á stjórnarfundi þann 31.05. Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu ásamt mörgum síma- og tölvupóstfundum.

Sumaræfingar voru í höndum Guðna Kárásonar og byrjuðu 3. júní. Ákveðið var til prufu að hafa æfingar að kvöldi til þetta sumarið fyrir unglingsadeildina frá kl: 20:00 til 21:30 alla virka daga. Tókst það með ágætum og var þjálfari ánægður með ástundun og áhuga hjá unglungunum. Yngri deildin var frá kl: 13 - 14 alla virka daga. Fótbaltaæfingar voru 3 svar í viku og frjálsar 2 svar. Æfingar stóðu fram til 11. ágúst. Einnig var boðið uppá leikjanámskeið fyrir leikskólabörnin í fimm vikur, mæting þar var þokkaleg.

Austri sá um dagskrá á 17. júní eins og verið hefur sl. ár Tjaldað var stóru samkomutjaldi á skólalóðinni og þar var börnum boðið uppá andlitsmálun ásamt sölu á blöðrum og sælgæti. Farið var í skruðögongu og endað var á túni skólans þar sem farið var í ýmis konar leiki við góðar undirtektir. Eins og venja er á þessum degi var íþróttamaður ársins valinn fyrir árið 2009 og veittar viðurkenningar fyrir bestu ástundun og prúðmennsku og mestu framfarir.

Íþróttamenn ársins urðu 2 að þessu sinni þar sem atkvæði stóðu jafnt. Það vorur þær Þórunn Nanna Ragnarsdóttir og Dagný Ríkharðsdóttir. Fyrir mestu framfarir hlaut Ernestó Jimenes viðurkenningu og fyrir bestu ástundun og prúðmennsku hlaut Brynja Dögg Björnsdóttir. Eftir hefðbundna dagskrá bauð Austri uppá grillaða hamborgara og gos við góðar undirtektir.

Keppnisbúningar voru endurnýjaðir á árinu og þóttu hinir glæsilegustu, einnig gafst félagsmönum Austra að kaupa sér búninga á góðu verði.

Austri tók að sér að sjá um kvennahlaupið sem haldið var 19. júní., vegalengdirnar sem boðið var upp á voru 3, 5, og 7 km. 25 konur tóku þátt og er það góð þáttaka. Boðið var uppá súpu og brauð og þótti það góður endapunktur í lok hlaupsins .

Frjálsíþróttabúðir fyrir aldurshóp 11 - 14 ára á vegum HSþ var haldið á Laugum í Reykjadal 18. – 25. júní og fóru þau Birgir Þór Björnsson, Brynja Dögg Björnsdóttir ,



Dagný Ríkharðsdóttir, Ernesto P Jimenez og Tanja Tómasdóttir á það námskeið. Í framhaldi voru sumarleikar HSP á Laugum og kepptu 2 einstaklingar þar á vegum Austra þær Dagný Ríkharðsdóttir og Stefanía S Jóhönnudóttir.

3 börn sóttu Arsenal fótboltaskóla 14. – 18. júní á KA - svæðinu á Akureyri. Skólinn var

fyrir knattspyrnukrakka á aldrinum 10 – 16 ára. (Þetta voru þau ÞórunnNanna Ragnarsdóttir, Friðrik Þór Ragnarsson og Önundur kristjánsson.

Austri fjölmennti á Héraðsmót UNP sem haldið var 9. – 11. júlí í Ásbyrgi eins og sl. ár og vann þar stigakeppni í öllum flokkum í frjálsum. Austri var einnig með fótboltalið í öllum flokkum nema 10 ára og yngri, en þetta árið vantaði því miður börn í þann flokk

til að hafa full skipað lið.

Tanja Tómasdóttir fór sem fulltrúi Austra á frjálsíþróttamót sem haldið var í vinabæ Norðurþings Riiki-Mäkk í Finnlandi í júlí og

stóð hún sig með stakri prýði. Unglingalandsmót var haldið í Borgarnesi þar kepptu 3 börn frá Austri, þau Birgir þ.

Björnsson, Brynja D. Björnsdóttir og Dagný Ríkharðsdóttir með héraðsambandi sínu HSP og stóðu sig með stakri prýði. HSP fékk bikar fyrir snyrtimennsku og prúðmennsku á Landsmótinu og mega menn vera stoltir af því.

Sumarstarfið gekk mjög vel að mati þjálfara Guðna Kárásonar, mæting góð, börnin áhugasöm og bættu sig

mjög á mörgum sviðum. Lokahóf var haldið með grilli og tilheyrandi í áhaldahúsinu þann 13.08.2010

Vetrarstarfið hófst með venjubundnu sniði eftir skólasetningu, æft er 2 í viku annars vegar frjálsar sem Jóhann S. Magnússon sér um og fótboltaæfingar sem Róbert Bjarnason sér um. Flest öll börnin frá 6 - 16 ára eru skráð á æfingar. Mætingar eru góðar að sögn þjálfara og áhugi mikill, farið var á Nóvembermót HSP á Húsavík þar sem krakkarnir stóðu sig með stakri prýði. Mjög góð mæting var frá Austri liðinu hlutfallslega miðað við önnur á svæðinu. Boðið var upp á pizzuveislu á Sölkum að móti loknu sem var hin veglegasta.

Stjórn Austra.

Formaður: Berglind Friðbergsdóttir

Gjaldkeri: Olga Friðriksdóttir

Ritari: Svava Árnadóttir

Meðstjórnandi: Krístín Þ. Pálsdóttir

Meðstjórnandi: Tómas Sigursson / Jóhann Skagfjörð Magnússon frá nóvember.



Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma var haldinn í Skóginum 26. apríl 2010. Á fundinum gekk Arnór Erlingsson úr stjórn og þökkum við honum fyrir vel unnin störf. Stjórn Bjarma skipa nú, Birna Davíðsdóttir sem er nýr formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri.

Á vordögum hittist stjórn Bjarma heima hjá formanni og skipað var nýtt fólk í nefndir sem starfa til tveggja ára, eða frá lokum maí 2010 til loka maí 2012. Formenn nefnda eru: Vallarnefnd Stefán Tryggvason, Frjálsíþróttanefnd Helen Jónsdóttir, Ballnefnd Ingvar Kristjánsson, Húsnefnd Arnór Erlingsson, Íþróttanefnd Ósk Helgadóttir, Spilaneftnd Þuríður Davíðsdóttir, Knattspyrnunefnd Guðbergur Kristjánsson og Ferðaþjónustunefnd Sigrún Jónsdóttir.

Formannafundur var haldinn 9. júní þar sem starfsemi sumarsins var skipulögð. Þá var einnig vinnukvöld 24. júní, þar sem settar eru plötur á pallinn okkar og dittað að ýmsu kringum húsið og völlinn. Mjög góð mæting var þetta kvöld og yndislegt veður.

Á veturna stunda fjölmörg börn í skólahverfi Stórutjarnaskóla, íþróttir á vegum Bjarma. Olga Siminyakina þjálfar tvö blaklið, tvær æfingar hvort lið á viku. Olga hefur verið dugleg að fara með börnin á blakmót þar sem þau hafa staðið sig með sóma. Svavar Ingvarsson kom frá Framhaldsskólanum á Laugum og þjálfaði körfuboltalið einu sinni í viku. Nú hefur Fjölnir Jónsson, einnig nemandi á Laugum, tekið við körfuboltaæfingunum þar sem Svavar er útskrifaður frá Laugum. Björgvin Vigfússon þjálfar sund og fótbolta einu sinni í viku hvora grein. Þá er einnig leikfimi fyrir fullorðna sem Olga sér um einu sinni í viku. Utan um þessa starfssemi alla heldur íþróttanefndin.

Síðastliðið sumar stóð Frjálsíþróttanefnd fyrir leikjanámskeiði sem var einu sinni í viku á Bjarmavellinum. Námskeiðið var mjög vel sótt og var Hafdís Sigurðardóttir þjálfari. Haldin var grillveisla í lok sumars.

Þá voru fótboltaæfingar tvisvar í viku allt sumarið og sá Knattspyrnunefndin um að skipuleggja og halda utan um þær æfingar. Þessar æfingar eru án þjálfa að ósk þáttakenda þar sem markmiðið er að hittast og leika sér saman fremur en að stefna á keppni. Mjög margt ungt fólk á aldrinum 12-22 ára sótti þessar æfingar.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2010. Á mótinu átti Bjarmi ekki marga fulltrúa en vonandi verða fleiri Bjarmakrakkar á mótinu á Egilsstöðum í sumar. Hvetjum við foreldra og börn að stefna á þetta skemmtilega móti sem haldið er um verslunarmannahelgi ár hvert.

Bjarmafólk stundar einnig íþróttir sem ekki eru á vegum Bjarma og má þar nefna blak og líkamsræktarstöðvar á Akureyri. Jóga gönguferðir, víðavangshlaup og fjallgöngur.

Einn góðviðrisdag í sumar hittust nokkrir krakkar á samt Helen og einhverjum foreldrum við gamla veginn inn í Vaglaskóg og hjóluðu um skóginn. Þetta mæltist mjög vel fyrir og stefnt er að því að hafa fleiri álíka uppákomur í sumar.

Vallarnefnd sá um að merkja bæði fótboltavöllinn á Bjarmasvæðinu og einnig fótboltavöll við Stórutjarnaskóla. Þá sá nefndin einnig um að grafa upp stein úr Bjarmavellinum og setja upp hlið til að stoppa bílaumferð inn á völlinn.

Húsnefnd heldur utan um viðhald á Bjarmahúsinu og stóð fyrir lagfæringu á áhaldageymslu.

Ferðaþjónustunefnd sá um í samstarfi við stjórn félagsins að auglýsa og leigja út Bjarmavöllinn fyrir ættarmót og aðra hópa og var svæðið vel nýtt á liðnu sumri.

Í lok sumars héldum við Bjarmahátíð. Farið var í leiki á vellinum, dansað á pallinum, drukkið kvöldkaffi og kveikur varðeldur. Þarna áttu Bjarmafélagar ásamt nágrönum og vinum dásamlega kvöldstund með lítilli fyrirhöfn og nánast engum kostnaði. Ekki spillti veðrið fyrir en þetta kvöld var logn og tunglskin.

Ballnefndin stóð fyrir árlegu hlöðuballi á Draflastöðum í nóvember. Gott ball og mikil stemming.

Spilanefndin hefur ekki enn komið á spilavöldum en stendur það vonandi til bóta.

Fyrir hönd stjórnar Bjarma,
Birna Davíðsdóttir

Ungmennafélagið Efling

Stjórn Eflingar skipa: Þóra Fríður Björnsdóttir formaður
Baldur Daníelsson ritari
Marsibil Benjamínsdóttir gjaldkeri



Starfsemi Eflingar árið 2010 var blómleg að vanda.

Þorrablót var haldið 30. janúar. Formaður þorrablotsefndar var Freydís Anna Arngrímsdóttir. Hljómsveitin SOS hélt uppi fjöri fram eftir nóttu.

Leikæfingar fyrir leikritið „Ólafía“ eftir Eflingarfélagann Hörð Þór Benónýsson fóru aftur í fullan gang í janúar eftir jólafrí. Jaan Alavere samdi 17 lög fyrir verkið, en hann var jafnframt hljómsveitarstjóri. Fjölmennur hópur fólks sá um undirbúning. Á þriðja tug leikara tóku þátt í uppþærslunni, auk 5 manna hljómsveitar. Leikstjóri var Arnór Benónýsson. Leikritið var frumsýnt 26. febrúar, sýndar voru 17 sýningar og komu um 1600 áhorfendur á sýningarnar. Þetta verkefni er án efa eitt af umfangsmestu verkefnum sem leikdeild ungmennafélagsins hefur ráðist í til þessa. Stjórn vill færa öllum sem lögðu hönd á plóg bestu þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf.

Samstarf Eflingar og Kvenfélags Reykdæla hefur verið fastur liður í kringum leikstarfsemi Eflingar undanfarin ár. Kvenfélagskonur hafa selt veitingar fyrir leiksýningar og í hléum.

Stjórn Eflingar færir kvenfélagskonum bestu þakkir fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Níu nemendur Litlulaugaskóla fengu styrk frá Eflingu til dvalar í Ungmenna og tómstundabúðum að Laugum í Sælingsdal.

Héraðsmót í frjálsum innanhúss var haldið á Húsavík í mars og Efling varð þar í 3. sæti.

Efling stendur fyrir íþróttæfingum yfir vetrartímann í íþróttahúsinu á Laugum fyrir nemendur Litlulaugaskóla, í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Nemendur íþróttabrautar undir leiðsögn íþróttakennara framhaldsskólans sjá um æfingarnar. Færí ég framhaldsskólanum bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars, þar sem m.a. var skipað í nefndir félagsins, en ekki urðu breytingar á stjórn. Þrír fulltrúuar Eflingar fóru á ársþing HSP á Tjörnesi í mars. Í júní sá umhverfisnefnd um að skipuleggja ruslahreinsun, tæplega 30 manns tíndu rusl meðfram þjóðvegum í dalnum. Á eftir var öllum boðið í grillaðar pylsur og gos á Breiðumýri.

Leikjanámskeið var haldið í júní fyrir 5-11 ára börn, umsjón höfðu Hamrasystur, Arna Benný og Gígja Valgerður Harðardætur og gekk námskeiðið mjög vel.

Efling stóð ekki fyrir íþróttæfingum síðast liðið sumar. Frjálsíþróttabörn mættu á æfingar hjá HSP en knattspyrna var æfð með Umf. Geisla í Aðaldal eins og árið 2009.

Hefur þetta samstarf gengið mjög vel og börnin ánægð.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní var að venju haldinn hátiðlegur, en að þessu sinni í samstarfi við sóknarnefnd. Messa var í Einarstaðakirkju kl. 11, þar á eftir var kirkjugestum boðið upp á súpu í Litlulaugaskóla. Andlitsmálning og blöðrusala fór fram þar á eftir. Síðan var skrúðganga niður á íþróttavöll undir stjórn þjóðhátíðarnefndar. Formaður nefndarinnar var Hörður Þór Benónýsson, fjallkona var Hildur Ingólfssdóttir, Freydís Anna Arngrímsdóttir og Ásdís Inga Sigfúsdóttir sáu um leiki. Nefndin grillaði pylsur ofan í mannskapinn. Síðan var kvíkmyndasýning í þróttó fyrir yngstu kynslóðina. Í nóvember stóð til að halda dansnámskeið í Lindy Hop, en vegna lítillar þátttöku varð ekkert úr því.

Hin árlega jólavist Eflingar var haldin milli jóla og nýárs á Breiðumýri. Spilað var á 12 borðum. Boðið var upp kaffi, djús og smákökur í hléi. Stigahæstu einstaklingarnir voru Arna Kristín Sigfúsdóttir og Ingólfur Ingólfsson og fengu þau spilið Fimbulfamb í verðlaun.

Ég hef nú verið formaður félagsins í 4 ár og þar á undan gjaldkeri í 3 ár og hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til endurkjörs. Ég vil færa Eflingarfélögum bestu þakkar fyrir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Meðstjórnendum mínum þakka ég gott samstarf og óska féluginu alls góðs í framtíðinni.

Fyrir hönd Umf. Eflingar
Þóra Fríður Björnsdóttir,
formaður

Ungmennafélagið Einingin

Starfsárið 2010 var fremur rólegt. Þorrablót var haldið í byrjun þorra og var mæting góð. Haldið var upp á þjóðhátíðardaginn í Halldórsstaðaskógi í skógarreit félagsins. Nokkrir Einingarfélagar komu dagstund í skógin og klipptu greinar við aðalgöngustíginn og við hluta girðingarinnar. Í haust unnu nokkrir Einingarfélagar við að setja upp leiksvæði skammt sunnan við völlinn en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu vegna veðurs og verður þeirri vinnu haldið áfram þegar aðstæður leyfa.



Engar íþróttar/leikja æfingar voru á Einingarvellinum s.l. sumar en stefnt er á að hafa eitthvað um að vera á vellinum n.k. sumar. Verða þær æfingar aðallega hugsaðar fyrir yngri hóp barna þar sem flestir þeir sem stunda frjálsar íþróttir sækja æfingar til Lauga eða Húsavíkur. Fótbolti var spilaður vikulega á vellinum í sumar og var þátttaka góð að vanda. Einingarmeðlimir ásamt fleiri fótbaltaáhugamönnum spiluðu einnig fótbalta einu sinni í viku s.l. vetur í íþróthúsínu á Laugum. Eins æfa nokkrir krakkar körfubolta, blak og sund á Stórutjörnum. Íþróttamenn frá Einingarinnar stóðu sig að venju með miklum sóma hvar sem þeir tóku þátt á mótum. Eins og áður stóð Þorsteinn Ingvarsson sig gríðarvel á mótum innanlands sem utan. Þorsteinn stökk meðal annars 7.79 m í langstökki og náði þar með lágmarki inn á Evrópumeistaramótið í Barcelona og keppti á því s.l. sumar.

F.h. U.M.F.E.
Sigurlína Tryggvadóttir

Ungmennafélagið Gaman og alvara

Starfsemi félagsins á nýju ári hófst með þrettándagleði þann 9. janúar þar sem til skemmtunar var brenna og flugeldasýning og að ógleymdu bingói. Einnig voru veittar viðurkenningar m.a. fyrir snyrtilegasta býlið og bestu smákökurnar.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 28. apríl í Ljósvertnabúð, mæting var vægast sagt mjög slæm þrátt fyrir að auglýst hefði verið að framtíð félagsins skyldi rædd.

Félagsvist var spiluð að vanda og tókst okkur að halda þriggja kvölda keppni fyrri hluta vetrar en um haustið heppnaðist aðeins að spila eitt kvöld. Ánægjulegt var hversu góð þátttakan var og kom fólk víða að.

Nokkur börn tóku þátt í leikjanámskeiði sem U.M.F. Bjarmi stóð fyrir á Bjarmavelli og skemmtu sér allir vel. Hafdí Sigurðardóttir stjórnaði námskeiði þessu og var því slitið með grillveislu að venju. Einnig stunduðu nokkur börn blak í Stórutjarnaskóla í samvinnu við U.M.F. Bjarma eins og undanfarin ár.

Líknarnefd sá svo um að gefa 70 ára og eldri á félagssvæðinu jólajöf eins og venja er til hvort sem fólk er félagsmaður eður ei. Konfekt frá Lindu var það þetta árið, en misjafnt er hvað er gefið!

Jæja þá læt ég þessu lokið ☺
F.h. U.M.F. Gaman og Alvara
Hrefna Sævars dóttir gjaldkeri

Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var með hefðbundnu sniði og undanfarin ár. Aðalstarfsemin snýst um knattspyrnu og voru haldnar innanhúsæfingar yfir vetrartímann fyrir 16 ára og yngri.

Um sumarið voru æfingar fyrir alla aldurshópa í knattspyrnu og voru æfingar tvisvar í viku í þremur aldursflokkum þ.e. 12 ára og yngri, 13 – 16 ára og 17 ára og eldri. Mæting var mjög góð, en eins og áður hafa krakkar úr Eflingu einnig verið á æfingum hjá okkur og s.l. sumar komu krakkar úr Einingunni.

Við sendum lið í heraðsmót og bikarkeppni í yngri flokkum.

Náðist þar ágætis árangur m.a heraðsmeistarar í flokki 13 – 16 ára.

Þjálfarar sumarsins voru Sigríður Jónsdóttir og Grétar Guðmundsson.

Einnig hafa krakkar úr Geisla æft með Völsungi knattspyrnu og fleiri greinar.

Aðsókn að tjaldsvæði félagsins var þokkaleg í sumar.

Árni Garðar Helgason
formaður

Ungmennafélagið Leifur heppni

Starf Ungmennafélagsins Leifs heppna árið 2010 samanstóð af sömu viðburðum og undanfarni ár. En þeir voru:

- Hefðbundin þrettándabrenna Leifs heppna var haldin 6. janúar. Að þessu sinni var hún staðsett á nýjum stað, sunnan við Lónin í Kelduhverfi. Eftir brennuna var grímuball í Skúlagarði þar sem hluti hljómsveitarinnar Lego sá um tónlist. Vel var mætt á þennan viðburð og komu aðilar af svæðinu frá Tjörnesi að Kópaskeri.
- Leifur heppni sá um íþróttæfingar í Lundi í samstarfi við Ungmennafélag Öxfirðinga. Æfingarnar sem eru fyrir börn á grunnskólaaldri samanstanda af frjálsum íþróttum og fótbalta. Þjálfarar að þessu sinnin voru Friðbjörn Bragi Hlynsson og Jóhannes Guðmundsson.
- Ásbyrgismót var haldið 9.-11. júlí. Þetta er samstarfsverkefni ungmennafélaganna sem áður tilheyrðu UNP. Á mótinu er keppt í frjálsum íþróttum fyrir börn að 16 ára aldri og eins í öldungaflokki. Þá er líka keppt í fótbalta.

**Ekki bárust skýrslur frá
Ungmennféluginu Reykhverfungi og
Ungmennaféluginu Snerti**